Jeg Jón Jónsson
bóndi á Holti
í Hokkseyrarhrepp

gjöri kunnugt: að ég hefi fengið að láni hjá Sparisjóði Árnessýslu þá fjárhæð 150 – eitt hundrað og fimmtíu – krónur og lofa ég að greiða í vexti af láni þessu frá í dag 6% á ári og enn fremur 1 % í dráttarvexti, ef ekki er staðið í skilum með afborgun. Skylt er mér að greiða alt lánið innan 25. Október 1907.

Skylt er mér að greiða vextina af láninu fyrir fram.

Til tryggingar skaðlausri greiðslu á láni þessu og vöxtum, eins og áður segir, svo og þeim kostnaði, sem orsakast kann af óskilsemi minni, hefi ég fengið þá Snorra Sveinbjarnarson bónda á Hæringstöðum og Grím Grímsson bónda á Hekki til að rita undir skuldabréf þetta sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, og ábyrgjast þeir lánið báðir fyrir einn og einn fyrir báða, þar til það er að fullu borgað, ásamt vöxtum.

Skyldi málssókn rísa út af láni þessu, er mér skylt að mæta fyrir gestarétti Árnessýslu á Eyrarbakka með sama fyrirvara og ég væri innansýslumaður, og svo er og um sjálfskuldarábyrgðarmennina. Til staðfestu rita ég nafn mitt undir í viðurvist tilkvaddra vitundarvotta.

Borgað með kr. 150
Sparisjóður Árnessýslu
6/11 – 1907
S. Guðmundsson
Guðmundsson

Eyrarbakka þann 25. Janúar 1907.
Jón Jónsson

Sjálfskuldarábyrgðarmenn:
Snorri Svein Gárnarson
Hæringsstöðum
Grímur Grímsson
Hekki

Vitundarvottar:
Vigfús Helgason
Eiríkur Pálsson

Isafoldarprentsmiðja.